



## 8. fundur stjórnar SSA 28. janúar 2020

### Fundargerð

Fundurinn var haldinn í Miklagarði á Vopnafirði hófst hann kl. 11:00.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson formaður stjórnar, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Gauti Jóhannesson boðaði forföll, í hans stað var boðaður Jón Björn Hákonarson af suðursvæði þar sem fyrsti varamaður komst ekki.

Mættir starfsmenn voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður SSA setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

#### 1. Kynning á BRIM

*Gestir fundarins undir þessum lið voru fulltrúar frá Brim ásamt sveitastjórn og sveitastjóra Vopnafjarðarhrepps. Fulltrúar frá Brim fóru yfir sögu og starfsemi Brims. Á Vopnafirði er m.a. vinnsla á uppsjávarfiski og starfrækt fiskmjölverksmiðja. Áhersla er lögð á virðingu fyrir umhverfinu og lífríki sjávar og er til að mynda allt sorp sem fellur til á Vopnafirði flokkað. Fram kom að hár flutningskostnaður innanlands væri íþyngjandi og væri verið að leita nýrra leiða í þeim málum. Þá hafa áhrif viðskiptabanns rússa á íslenskan sjávarútveg orðið til þess að leita hefur þurft inn á nýja markaði eins og Kína.*

#### 2. Sláturfélag Vopnafjarðar

*Gestir fundarins undir þessum lið voru fulltrúi frá sláturfélaginu ásamt sveitastjórn og sveitastjóra Vopnafjarðarhrepps. Fulltrúi frá Sláturfélagi Vopnafirðinga kynnti starfssemina. Sláturhúsið er rekið allt árið með tvö til þrjú stöðugildi sem fjölgar síðan verulega yfir sláturvertíðina. Aðallega er verið að slátra sauðfé og nautgripum. Kjarnafæði kaupir afurðir Sláturfélagsins skv. samningum. Fram kom að ein af helstu áskorunum í rekstri væru hár flutningskostnaður.*

**Fundahlé – hádegisverður í Miklagarði og voru gestir fundarins boðnir í mat með stjórn SSA.**

#### 3. Fundur með sveitastjórn Vopnafjarðarhrepps

*Gestir fundarins undir þessum lið var sveitastjóri og sveitastjórn Vopnafjarðarhrepps. Umræður um stöðu mála í hreppnum. Fram kom að helsta áhyggjuefnið væri rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúð sem væri íþyngjandi. Mikilvægt væri þó að þessi þjónusta yrði áfram í boði á svæðinu. Þá var minnst á sorp og urðunarmál en unnið er að því að finna framtíðarlausn í þeim málum. Í*

*dag er allt sorp á svæðinu flokkað nema lífrænt. Einnig var nefnt að 6 íbúðir yrðu byggðar í Vopnafjarðahreppi í sumar, en ekki hefur verið byggt í sveitarfélaginu síðan 2003. Rædd voru ýmis önnur málefni er tengjast starfsemi sveitarfélaga í dag.*

Stjórn SSA þakkaði sveitastjórn og sveitastjóra kærlega fyrir góðan og upplýsandi fund.

#### **4. Fundargerðir, erindi og ályktanir**

4.1 Fundargerð frá 7. fundi stjórnar SSA 2019-2020 . *Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

4.2 Fundargerð 7. og 8. fundar framkvæmdaráðs. *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*

4.3 Fundargerðir stjórnar SSH (479,480), SSV(150), SSVN (50,51), Eyþing (327,328), SASS (551,552), SSS (751,752). *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*

4.4 Fundargerð stýrihóps um byggðamál (57). *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*

4.5 Fundargerð SV-AUST. *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*

4.6 Fundargerðir sambandsins (877). *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*

4.7 Boðun landsþings Sambandsins. *Dagsetning á landsþingi Sambandsins kynnt, 26. mars 2020. Framkvæmdastjóri og formaður munu sækja þingið fyrir hönd SSA.*

#### **5. Málefni á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga**

5.1 Farið yfir málefni sveitarfélaga með fulltrúa Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jóni Birni Hákonarsyni.

*Umræður um málefni sveitarfélaga og þar á meðal mikilvægi þess að fulltrúar sveitastjórnar taki virkan þátt í málefnum allra málaflokka og voru fræðslumálin nefnd í því samhengi. Ákveðið að ræða fræðslumálin enn frekar á næsta stjórnarfundum.*

#### **6. Innra starf SSA**

6.1 Hallormsstaðaskóli

*Kynntar voru umræður af fundinum sem haldinn var þann 22.janúar.*

6.2 Svæðisskipulag

*Framkvæmdastjóri kynnti greinagerðina og næstu skref. Beðið er eftir niðurstöðu frá skipulagsstofnun og í framhaldinu verður Svæðisskipulagsnefnd kölluð saman. Miðað er við að verkefninu verið lokið fyrir næstu sveitastjórnarkosningar árið 2022.*

6.3 Úthlutun Uppbyggingarsjóðs og áhersluverkefni 2020

*Umræður um áherslur og næstu skref. Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni og kynnti drög að skiptingu úthlutunarfrjárs.*

6.4 Fundaáætlun stjórnar SSA

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að fundaáætlun vorsins. Engar athugasemdir voru gerðar við fundaáætlunina.*

6.5 Greinargerð vegna innviðamála

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að greinargerð vegna innviðamála.*



#### 6.6 Umsögn um samgönguáætlun

*Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd þann 5.febrúar var til umræðu. Fundurinn verður sameiginlegur með þeim sveitarfélögum sem skiluðu inn umsögnum, Fljótsdalshéraði, Fjarðabyggð og Seyðisfirði. Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir þáttökulista frá bæjarstjórum þessara sveitafélaga. Lagt var til að framkvæmdaráð SSA fari fyrir hönd SSA og var það samþykkt.*

#### 6.7 Minningarsjóður Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar

*Umræða um auglýsingu og úthlutun. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir umsóknum úr sjóðnum samkvæmt reglum hans.*

### 7. Önnur mál

*Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 16:30*

\_\_\_\_\_  
Einar Már Sigurðarson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Pálína Margeirsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigríður Bragadóttir

\_\_\_\_\_  
Stefán Bogi Sveinsson